


## STYKKISHÓLMUR MIÐBÆR - HLUT AF GILDANDI DEILISKIPULAGI




LÓÐ I - heimilað snið




## DEILISKIPULAGSBREYTING

Breytingarnar koma til vegna óska framkvæmdaraðila um lengra hús og niðurfellingu bílskúrsreits og óska sveitarfélagsins um færslu á stíg og mótun lítils bæjarrýmis fyrir almenning.

**Aðalgata 14**
Lóðarmörkum er breytt og einu bílastæði bætt við sunnan við húsið.

**Lóð I**
Lóðarmörkum og byggingarreit er breytt. Byggingarreitur fyrir bílskúr er felldur út.
Breidd húss fer úr 8 m í 8,3 m. Heimilt er að byggja lagnarými 2,8m á hæð til norðvesturs.
Heimiluð vegghæð húss er hækkuð úr 5,2 m í 5,5 m.
Heimiluð mænishæð er óbreytt. Heimilt er að byggja svalir 1,6m út fyrir byggingarreit.
Gólfkóti hússins verður sá sami og hæð á gangstétt.
Meginform hússins er skilgreint með byggingarreit og kennisniði.
Í húsinu er heimilt að hafa eina eða tvær íbúðir.
Lögð er áhersla á að efnisval verði í anda þeirrar bæjarmyndar sem einkennir miðbæ Stykkishólms.

Í skilmálahefti gildandi deiliskipulags stendur eftirfarandi og á það við áfram.

Húsagerð
Nýbyggingar í gamla bæjarkjarnanum verða að taka tillit til gömlu húsanna. Þó er ekki átt við að nýbyggingarnar eigi að líta út fyrir að vera gamlar heldur að form, hlutföll efnisval, frágangur og hrynjandi húsanna taki mið af gamla bæjarkjarnanum. Með það að markmiði eru settir mismunandi skilmálar fyrir hverja lóð.
*"Nýtt og gamalt getur vel farið saman í húsagerð eins og öðrum sviðum mannlífsins. Hið nýja verður einungis að sýna því eldra fulla tillitssemi" (Hörður Ágústsson, 1978)*




LÓÐ I - heimilað snið eftir breytingu.




STYKKISHÓLMUR - AÐALSKIPULAG 2002 - 2022
Staðfest 09.07.2002

lóðir, nýbyggingar / viðbyggingar

lóðir húsa sem fyrir eru

1 íbúð og þjónusta — fjöldi íbúða / starfsemi

núverandi hús, heiti húsa, húsnúmer og byggingarár

byggingarreitur

bílastæði

mænisstefna

717 m2 — stærð lóða

D — vísun í skilmála í greinargerð

Deiliskipulagsbreyting þessi var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 7. nóvember 2023 til 5. desember 2023.

Hún var samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólms þann 25. janúar 2024 og tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 13. febrúar 2024.

**STYKKISHÓLMUR MIÐBÆR**
**340 - STYKKISHÓLMUR**

| Óveruleg breyting á deiliskipulagi | | | DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR |
|---|---|---|---|
| Breyting: -- | Teikn.nr.: 01 | | GLÁMA·KÍM |
| Útgáfud.: 31.01.2024 | Mkv.: 1:1000 | | Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739 glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is |
| Verknr: 1509048 | Teikn. BBJ | Yfirf. SK | |

BANNAÐ ER AÐ MÆLA AF TEIKNINGUM
TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR